

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

III. HLUTI

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs:	Markaðsviðskipti og viðskiptahættir		
Prófdagur:	Miðvikudagur, 29. apríl 2009	Kl.:	17:00-21:00
Úrlausnartími:	4 klst.	Prófblöð:	9 síður (þ.m.t. forsíða)
Leyfileg hjálpargögn:	Öll gögn leyfð. Fartölvunotkun óheimil.	Fylgiblöð:	Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

Krossaspurningum skal svarað á lausum próförkum, sem tryggilega skulu merktar prófnúmeri þínu.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. hluti. Krossaspurningar (vægi 38,5%)

Svaraðu eftirfarandi krossaspurningum. Merktu við það svar sem þú telur RÉTTAST. Aðeins skal merkja við einn lið í hverri spurningu. Allar spurningar veqa jafnt (1,75%). Ekki er dregið niður fyrir röng svör.

Spurning 1.

Á uppboðsmörkuðum (order driven markets/auction markets), eins og t.d. NYSE, gegna stöðutakar mikilvægu hlutverki með því að kaupa og selja í/úr eigin reikningi og mynda þannig grunn að djúpum og góðum markaði:

- A) Rétt.
- B) Rangt.

Spurning 2.

Almennt má segja að ávöxtunarfjárfestar leggi _____ áherslu á vænt tekjustreymi fjárfestingar en langtímafjárfestar, séu _____ en áhrifafjárfestar varðandi afskipti af rekstri og _____ tilfinningasamir en ástríðufjárfestar gagnvart fjárfestingum.

- A) minni ; óvirkari ; síður.
- B) meiri; óvirkari; síður.
- C) minni; virkari; síður.
- D) meiri; virkari; meira.
- E) meiri; óvirkari; meira.

Spurning 3.

Hvað af eftirtöldu er líklegt til að minnka sveiflur á verði/gengi hlutabréfa á markaði?:

- A) Fáir stöðutakar eru að verki í viðkomandi félagi.
- B) Lág tær markaðsverðmæti viðkomandi félags.
- C) Lítil dagleg velta með hlutabréf í viðkomandi félagi.
- D) Eignarhald er dreift.

Spurning 4.

Undanfarin misseri hafa verið mikil eyðimerkurganga fyrir hluthafa bandaríska stórbankans Citigroup. Gengi bankans lækkaði um 98% áður en yfir lauk í byrjun mars síðastliðnum. Þá var gengi bankans um 1 \$ sem var það langlægsta meðal fyrirtækja í S&P 500 og Dow Jones vísitölunum en Citigroup er í báðum vísitölunum. Gengi bankans hefur hækkað um rúmlega 300% frá “eins dollars botninum” fyrir nokkrum vikum. Segja má, að öðru óbreyttu, að þessi mikla hækkun bréfanna hafi átt að skila sér í hressilegri hækkun Dow Jones vísitölnnar á sama tíma:

- A) Rétt.
- B) Rangt.

Spurning 5.

Fyrir hvaða tegund fjárfesta má segja að verðið (eins og það birtist í virði = value) sem greitt er fyrir hlutabréf í upphafi skipti ekki höfuðmáli?:

- A) Ávöxtunarfjárfesta.
- B) Skammtímafjárfesta.
- C) Langtímafjárfesta.
- D) Dagkaupmenn.
- E) B og D.

Spurning 6.

Hvað af eftirfarandi má, út frá sjónarmiðum tæknigreiningar, hafa til merkis um að bjart geti verið framundan varðandi þróun hlutabréfa í danska vindmylluframleiðandandum Vestas Wind System?:

- A) Gengi rýfur/brýtur 52 vikna lágmark.
- B) 50 daga hreyfanlegt meðaltal er við að rjúfa 200 daga hreyfanlegt meðaltal upp á við.
- C) Arðgreiðsla er hækkuð vegna ágætrar afkomu fyrirtækisins.
- D) Margir hlutabréfasjóðir sem leggja áherslu á fjárfestingu í fyrirtækjum í vaxandi greinum (growth industries) hafa verið að auka eign sína í félaginu.
- E) Breidd (breath) markaðarins hefur verið að aukast eins og lækkandi hækkun/lækkun hlutfall (advance decline ratio) er til vitnis um.

Spurning 7.

Tæknigreiningarmenn nýta sér veiku útgáfuna af kenningunni um skilvirkni markaðar til að spá fyrir um þróun verðbréfa:

- A) Rétt.
- B) Rangt.

Spurning 8.

Um verðbil í SAXESS-viðskiptakerfinu gildir eftirfarandi:

- A) Öll tilboð mynda verðbil.
- B) Til að mynda verðbil þurfa smálotutilboð ekki endilega að hljóða upp á annað verð en síðasta viðskiptaverð.
- C) Viðskiptalotu þarf til að mynda verðbil.
- D) Stórlotur mynda ekki verðbil.
- E) A og B.

Spurning 9.

Um siðareglur Kauphallar Íslands gildir?:

- A) Siðareglurnar leggja ekki sérstaka ábyrgðarskyldu á herðar kauphallaraðila um að reglum um góða viðskiptahætti sé fullnægt.
- B) Siðareglurnar gilda um alla aðila Kauphallarinnar.
- C) Kauphallaraðili getur í undantekningartilvikum sett fram tilboð sem hann getur ekki staðið við.
- D) Siðareglurnar eru tæmandi um starfshætti kauphallaraðila.
- E) Ekkert af ofangreindu er rétt.

Spurning 10.

Sveiflur í 200 daga hlaupandi meðaltali (simple moving average) eru minni en í 50 daga meðtali:

- A) Rétt.
- B) Rangt.

Spurning 11.

Nicolas Sarkozy hefur áhuga á að fjárfesta í hlutabréfum en hefur frekar litla reynslu á því sviði. Hann hefur samband við Cörlu Bruni fjárfestingarráðgjafa sinn til að fá skoðanir hennar á markaðinum og hvar séu tækifæri. Carla segir að lífeyrissjóðum hafi verið að vaxa ásmegin í fjárfestingum undanfarnar vikur og skoðun þeirra sé að almenn og heilbrigð hækkun sé hafin. Til marks um þetta hafa þeir:

- A) Að 50 daga hlaupandi meðaltal (moving average) gæti farið að skera 200 daga meðaltal.
- B) Hækkun/lækkun línu/línur (advance/decline line/lines).
- C) Að vaxtaálög (credit spreads) hafa farið lækkandi sem þýðir lægri fjármagnskostnað fyrirtækja.
- D) Að hlutfall söluréttá á móti kaupréttum (put/call ratio) hafi verið óbreytt í töluverðan tíma.
- E) Að líkur séu á að hagnaður fyrirtækja muni fara aftur hækkandi.

Spurning 12.

Þegar um ræðir að verðbréf eru seld í lokuðu útboði til færri en 100 aðila:

- A) Á eingöngu að bjóða þau hópi sem ekki telst til hæfra fjárfesta..
- B) Þá þarf kauphöll að staðfesta lýsingu sem gerð skal vegna útboðsins.
- C) Þá þarf Fjármálaeftirlitið að staðfesta lýsingu sem gerð skal vegna útboðsins.
- D) Þarf útgefandi að tryggja að eftirmarkaður myndist með bréfin með því að semja við fjármálafyrirtæki um viðskiptavakt.
- E) Ekkert ofangreint er rétt.

Spurning 13.

"Buy on the rumour, sell the fact" er viðskiptastefna sem skammtímafjárfestar beita iðulega:

- A) Rétt.
- B) Rangt.

Spurning 14.

Gengisþróun hlutabréfa í brasilíska orkufyrirtækinu Petroleo Brasileiro (Petrobras) hefur verið með eftirfarandi hætti á undanförunum mánuðum:

20. nóv. 17,10 real
16. des. 24,35 real
20. jan. 21,90 real
16. feb. 27,15 real
20. mars 25,40 real
16. apr. 30,90 real

Um hvað ræðir?:

- A) Hlutfallslegan styrk (relative strength).
- B) Niðurhallandi leitni (downward trend).
- C) 52 vikna lágmark (52 week low).
- D) Upphallandi leitni (upward trend).
- E) Hækkun/lækkun línu/línur (advance decline line/lines).

Spurning 15.

Stjórnendur bandaríska stórfyrirtækisins 3M ákváðu fyrir nokkrum árum að fara í svokallað stock split (fyrir hverja þrjá hluti sem hluthafar áttu fengu þeir tvo í viðbót). Gengi hlutabréfa félagsins var þá orðið það hæsta meðal fyrirtækja í Dow Jones vísitölunni. Fyrirtækið var einnig á þeim tíma meðal þeirra verðmætustu í S&P 500 vísitölunni og rekstur þess hefur í gegnum tíðina verið blómlegur og arðsamur. Við framangreinda breytingu þá :

- A) Jókst vægi fyrirtækisins í báðum vísitölunum en þó aðeins meira í S&P 500 vísitölunni vegna mikillar arðsemi rekstrarins.
- B) Vægi fyrirtækisins jókst í Dow Jones vísitölunni og minnkaði í S&P vísitölunni.
- C) Engin áhrif á vægi fyrirtækisins í vísitölunum.
- D) Vægi fyrirtækisins var óbreytt í S&P vísitölunni en minnkaði í Dow Jones vísitölunni.
- E) Vægi fyrirtækisins jókst hlutfallslega meira í Dow Jones vísitölunni en í S&P 500 vísitölunni þar sem gildi Dow Jones vísitölnnar á þeim tíma (12.100) var hærra en gildi S&P 500 vísitölnnar (1.170).

Spurning 16.

Stöllurnar Agneta og Anni-Frid hafa mikinn áhuga á fjárfestingum. Agneta hefur fjárfest í sænskum hlutabréfum í nokkur ár og hefur gengið upp og ofan. Anni-Frid hefur á sama tímabili fjárfest í brasilískum hlutabréfum og hefur almennt gengið vel, þó að skarpar niðursveiflur hafi komið. Brasilíski hlutabréfamarkaðurinn hefur hækkað mun meira en sá sænski þegar horft er frá upphafi til enda tímabilsins og átt fleiri góð ár. Þær stöllur hittust nýverið til að rifja upp gamla og góða daga og fjárfestingar þeirra bárust í tal. Í ljósi þróunarinnar sem lýst hefur verið þá kvaðst Anni-Frid geta fullyrt að árleg meðalávöxtun hennar, mæld á hefðbundna mælikvarða, væri hærri en Agnetu. Agneta sagði að hér þyrfti að hyggja að fleiru áður en hægt væri að kveða upp úr með árangur þeirra. Hefur Agneta eitthvað til síns máls?:

- A) Já.
- B) Nei.

Spurning 17.

Þegar tæknigreiningu (technical analysis) er beitt við greiningu hlutabréfa má ganga út frá því að:

- A) Hún byggir á skoðun og útreikningum á gögnum í fortíðinni.
- B) Til langs tíma litið geti grunngreining (fundamental analysis) ekki skilað betri árangri en tæknigreining.
- C) Að tæknigreining henti einna best þegar um ræðir hlutabréf stærri fyrirtækja sem eru öllu jöfnu á skilvirkari markaði.
- D) Markaðir séu alltaf skilvirkir (efficient).
- E) Tæknigreining byggir á þeim stöðum að markaðurinn sé að stærstu leyti rökvis (logical) og að litlu leyti sálfræðilegur (psychological).

Spurning 18.

Fjárfestar þurfa að borga fyrir þau auknu áhrif á rekstur sem fylgja stórum eignarhlutum og því fara viðskipti með stóra eignarhluti í félögum alltaf fram á yfirverði, þ.e. verði sem er yfir markaðsverði á þeim tíma sem viðskiptin eiga sér stað:

- A) Rétt.
- B) Rangt.

Spurning 19.

Margir tæknilegir mælikvarðar varða annað hvort þróun magns (volume) eða verðs (price). Hver eftirtalinn mælikvarði varðar verð?:

- A) Hlutfall söluréttta á móti kaupréttum (put/call ratio).
- B) Meðalviðskiptamagn (average daily volume).
- C) Hlutfallslegur styrkur (relative strength).
- D) Hækkun lækkun magn (up/down volume).
- E) Hækkun lækkun hlutfall (advance decline ratio).

Spurning 20.

Hvað af eftirtöldu er ekki rétt?:

- A) Opnunarverð myndast alltaf í Kauphöllinni.
- B) Þegar flot bréfa er metið er ekki horft á fjárhagsstöðu stærstu hluthafa.
- C) Viðskipti utan Kauphallar þurfa að vera stöðluð til að uppfæra nýjasta verð.
- D) Verðbil er einn mælikvarði á "internal efficiency".
- E) Ekki er hægt að ganga út frá því að fyrirtæki með litla veltu vegi alltaf lítið í vísitölum sem eru vegnar eftir markaðsverðmæti.

Spurning 21.

Hvað af eftirtöldum fyrirtækjum er líklegast til að hafa mesta frjálsa "flotið" (free float) á hlutabréfamarkaði:

- A) Hlutabréf í franska lúxusvörfyrirtækinu LVMH en forstjóri þess er Bernard Arnault. Monsieur Arnault hefur byggt fyrirtækið upp á löngum tíma og á óvenjulega stóran hluta í fyrirtækinu miðað við að það er skráð á almennan hlutabréfamarkað.
- B) Hlutabréf í BMW sem skráð eru í kauphöllinni í Frankfurt. Aðaleigandi fyrirtækisins, Quant fjölskyldan leggur mikla áherslu á að fyrirtækið verði sjálfstætt um fyrirsjáanlega framtíð (þ.e. sameinist ekki öðrum fyrirtækjum), og engar horfur eru á öðru í ljósi eignarhlutar fjölskyldunnar.
- C) Hlutabréf í Johnson & Johnson. Fyrirtækið var stofnað fyrir 120 árum og var skráð á hlutabréfamarkað á fjórða áratug síðustu aldar. Reksturinn hefur yfirleitt gengið mjög vel og fyrirtækið greitt arð í blíðu og stríðu. Hlutahafahópur fyrirtækisins hefur í gegnum tíðina verið stór og stofnanafjórðing ein og lífeyrissjóðir hafa átt "sinn skammt" sem hluta af vel dreifðum söfnum.
- D) Hlutabréf í spænska tuskuframleiðandanum Inditex, sem þekktastur er fyrir verslunarkeðjuna Zöru. Fyrirtækið fór á markað árið 2001 en félagið má enn teljast vera "félag" stofnandans Amancio Ortega Gaona þegar horft er til eignar.
- E) Hlutabréf í ítalska fyrirtækinu Italcementi sem er fimmti stærsti framleiðandi á sementi í heiminum. Nýlega gáfust stjórnendur bresks hlutabréfasjóðs upp á því að reyna að knýja fram breytingar á rekstri fyrirtækisins enda eru tók Pesenti fjölskylduvelðisins í krafti eignarhlutar mikil á fyrirtækinu og hafa verið um langa tíð.

Spurning 22.

Á hvað af eftirtöldu er líklegast að langtímafjárfestar horfi við mat á fjárfestingartækifærum?:

- A) Veltuhraða verðbréfa (turnover ratio).
- B) Arðgreiðslur síðustu ára og hvernig þær hafa þróast.
- C) Samhengisins á milli verðs viðkomandi verðbréfs og virðis (value).
- D) Hreyfanleg meðaltöl.
- E) Spár greiningaraðila um þróun stórra vísitalna á næstunni.

Spurning 1. (6,5%)

Gerið grein fyrir í hvaða tilgangi fjárfestar nota stopppantanir (stop orders) og hvort að þeim tilgangi sé ætíð náð. Fjallið um og útskýrið í texta og með myndum og látið koma skýrt fram aðdraganda og ávinning/ábata aðgerðanna.

Spurning 2. (24%)

Gerið skýra grein fyrir helstu þáttum sem hafa áhrif á seljanleika og verðmyndun verðbréfa (hlutabréfa) og innbyrðis samhengi þáttanna þar sem það á við. Gætið að því að hafa svar ykkar samhangandi og að aðalatriði komi skýrt fram. Styðjið mál ykkar með dæmum eins og kostur (ath. ekki er gerð skilyrðislaus krafa um raunhæf dæmi).

Spurning 3. (10%)

Gerið skýra grein fyrir verklagi við tilboðagerð/innsetningu tilboða og framkvæmd viðskipta í Kauphöllinni/NASDAQ OMX Nordic Exchange Ísland (Hér ræðir um tegundir og afbrigði tilboða, ferli tilboða til viðskipta, þar með talið þörun, og tegundir viðskipta).

Spurning 4. (21%)

Útskýrið vel eftirfarandi hugtök eða efnisatriði og eftir atvikum nytsemi þeirra fyrir fjárfesta eða útgefendur. Styðjið með dæmum þar sem við á (hver liður gildir 3,5%):

- A. Sölutrygging og tilboðssala (book building).
- B. "Sell on the rumour, buy the fact".
- C. Höfuð/herðar (head and shoulders).
- D. Misgengishögnun.
- E. "Fundamental indexing".
- F. Áreiðanleikakönnun (due diligence).